

TILSKIPUN76
2. okt.

um

manntal á Íslandi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að 1. desember er nú almennt skoðaður
sem hátíðisdagur á Íslandi og því þykir óheppilegt að láta allsherjar-
manntal fara fram þann dag, þá bjóðum Vér hérmeð og fyrirskipum,
samkvæmt 1. gr. laga nr. 4, 18. maí 1920, um manntal á Íslandi, svo sem
hér segir:

1. gr.

Almennt manntal skal taka um allt land 2. desember 1930.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eigi allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 2. október 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnason.